

Nd.

122. Frumvarp til laga

um viðauka við l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Emil Jónsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um:

1. Eftirlit með fermingu, affermingu og annari afgreiðslu skipa hér við land, til verndar lífi og heilsu verkamanna, sem að því starfi vinna, og annara. Skal eftirlitið meðal annars ná til véla og annara tækja, sem notuð eru við vinnuna, hvort heldur á landi eða í skipi. Í reglugerðinni má setja nánari fyrirmæli um starfsháttu, tilhögun við vinnuna og aðbúnað verka-fólks á staðnum.
2. Gerð og frágang verkpalla við hverskonar vinnu og um eftirlit með þeim.

2. gr.

Um eftirlit samkvæmt 1. gr. fer eftir ákvæðum laga nr. 24 frá 1928, þar á meðal um gjöld fyrir eftirlitið, sem greiðist af eigendum skoðunarskyldra tækja og vinnustaða, sem eftirlit er framkvæmt með, samkvæmt gjaldskrá, sem sett verður, svo og um refsingu fyrir brot á þessum lögum og reglugerðum, sem settar verða í samræmi við þau. Þar, sem hentugt þykir, getur ráðherra falið lögreglustjóra að sjá um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Ákvæði þessara laga og eftirlit samkvæmt þeim rýrir ekki á neinn hátt ábyrgð, sem eigendur skoðunarskyldra tækja og vinnustaða eða aðrir bera á þeim slysum, sem fyrir kunna að koma.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að l. nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, ná ekki nema að nokkru leyti yfir eftirlit með vélum þeim og vinnustöðum, er hér um ræðir, en einmitt við þesskonar vinnu eru slys einna tíðust og hættulegust. T. d. hafa nú frá nýári orðið tvö stórslys í Reykjavík vegna lélegs útbúnaðar við uppskipun. Þá eru og slys á vinnu-pöllum alltið. En úr þessari slyshættu yrði verulega bætt með nægilega ströngu eftirliti.